

Nd.

179. Frumvarp til laga

[107. mál]

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun, en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.